

Óskar Ísfeld Sigurðsson

Frá: Sigurbjörg Sæmundsdóttir <sigurbjorg.saemundsdottir@uar.is>
Sent: mánudagur, 31. maí 2021 07:58
Til: Heilbrigðiseftirlit
Afrit: Óskar Ísfeld Sigurðsson; Lára Kristín Traustadóttir
Efni: UMH21050068 umsókn um undanþágu fyrir hunda á hótél Icelandair hótela sumar 2021
Viðhengi: Bréf t umhverfismálaráðuneytis - hundar á IH hótél 2021.pdf

Meðfylgjandi erindi frá Icelandair Hótél þar sem óskað er eftir undanþágu frá reglugerð um hollustuhætti um að ekki megi hleypa hundum inn á gististaði í II., III. og IV. flokki og undanþágu frá starfsleyfisskilyrðum fyrir gististaði er hér með sent heilbrigðisnefnd til umsagnar.

Í erindinu er sótt um undanþágu fyrir Hilton Reykjavík Nordica, Icelandair Hótél Reykjavík Natura og Alda Reykjavík Hótél. Ráðuneytið mun einnig senda Umhverfisstofnun erindið til umsagnar í samræmi við ákvæði 74. gr. um hollustuhætti.

Heilbrigðisnefnd fékk sent afrit af veittum undanþágum í fyrra. Vinsamlegast hafið samband við Láru Kristínu sé óskað eftir að fá afrit af veittum undanþágur sendar aftur.

Óskað er eftir að umsögn nefndarinnar berist ráðuneytinu sem fyrst og eigi síðar en 8. júní nk.



Sigurbjörg Sæmundsdóttir, deildarstjóri / Head of Division

Skrifstofa umhverfis og skipulags / Department of Environment and Spatial Planning
Umhverfis- og auðlindaráðuneytið / Ministry for the Environment and Natural Resources
Skuggasund 1, 101 Reykjavík, Iceland
Sími / Tel: (+354) 545 8600
www.umhverfisaraduneyti.is - [Fyrirvari/Disclaimer](#)

Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing



GRÆN SKREF

Frá: Sigurbjörg Sæmundsdóttir <sigurbjorg.saemundsdottir@uar.is>
Sent: sunnudagur, 30. maí 2021 16:29
Til: Sigurbjörg Sæmundsdóttir <sigurbjorg.saemundsdottir@uar.is>
Efni: Fw: umsókn um undanþágu fyrir hunda á hótél Icelandair hótela sumar 2021



Sigurbjörg Sæmundsdóttir, deildarstjóri / Head of Division
Skrifstofa umhverfis og skipulags / Department of Environment and
Umhverfis- og auðlindaráðuneytið / Ministry for the Environment and
Skuggasund 1, 101 Reykjavík, Iceland
Sími / Tel: (+354) 545 8600
www.umhverfisraduneyti.is - [Fyrirvari/Disclaimer](#)

----- Forwarded by Sigurbjörg Sæmundsdóttir/UAR/NotesSTJR on 30.05.2021 16:28 -----



umsókn um undanþágu fyrir hunda á hótél Icelandair hótela sumar 2021
Almennt

Upplýsingar um viðskiptavin:

Eigandi skjals:
Dagsetningar:
Búið til: 05/30/2021 04:28:52 PM
Dagsetning skjals:

Notandi: "Hildur Ómarsdóttir" <ho@icehotels.is>
Dagsetning: 20.5.2021 14:35:02
Til: "Umhverfis- og auðlindaráðuneytið" <uar@uar.is>
Efni: umsókn um undanþágu fyrir hunda á hótél Icelandair hótela sumar 2021

Góðan dag, sjá hjálaga.

Kær kveðja / Best regards

HILDUR ÓMARSDÓTTIR

Director Marketing and Business Development - Marketing & Business Development

Marketing & Business

Tel: +354 444 4592

Development

Nauthólsvegur 52

Reykjavík

Iceland

ho@icehotels.is

[Icelandair Hotels](#)

[Fyrirvari/Disclaimer](#)

(See attached file: *Bréf t umhverfismálaráðuneytis - hundar á IH hótél 2021.pdf*) (See attached file: *Icelandair hótél Mývatn og Akureyti_undirritað.pdf*)

Icelandair Hotels

Reykjavík

20 maí 2021

B.t. Umhverfisráðherra

Umhverfis- og auðlindaráðuneyti

Skuggasundi 1. 101 REK.

uar@uar.is

Með tilvísun í meðfylgjandi umsögn Umhverfis-og Auðlindarráðuneytis: UMH20050075/8.13, dagsett 8 júní 2020.

Icelandair Hótel sækja hér með um undanþágu frá reglugerð nr. 9941/2002, 19 gr. fylgiskjal 3, þar sem kveðið er á um að hundar sé óheimilir í gistingu á gististöðum í flokki II til IV, nema ef um fatlaðan einstakling er að ræða með hjálparhund.

Skv. 74 gr. er hægt að sækja um undanþágu frá reglugerð þessari. Icelandair Hótel óska hér með eftir undanþágu fyrir eftirtalin hótel:

Hilton Reykjavík Nordica
Icelandair Hótel Reykjavík Natura
Alda Reykjavík Hótel
Hótel Edda Höfn
Icelandair Hótel Hérað
Icelandair Hótel Mývatn
Icelandair Hótel Akureyri

Icelandair Hótel óskar eftir heimild til að leyfa hunda í samtals 2-6 herbergjum á ofangreindum hótélum, eftir stærð hótela. Reglur félagsins um gistingu hunda á ofangreindum hótélum myndu vera í samræmi við þau skilyrði er tilgreind eru í fyrrgreindri, meðfylgjandi umsögn ráðuneytis, sem veitt var í kjölfar umsóknar Icelandair Hótela, dagsett 19 maí 2020, þar sem félagið óskaði eftir heimild til að leyfa hundahald í alls tveimur herbergjum á tveimur hótélum félagsins sumarið 2020: Icelandair Hótel Akureyri og Mývatni.

Ástæða þess að óskað er eftir undanþágu eru þeir fordæmalausur tímar sem nú ganga yfir vegna COVID-19 um heim allan. Allt bendir til að líkt og sl. sumar verði fátt um erlenda gesti hér á landi á komandi mánuðum, og því ljóst að sækja þarf á innlendan markað af fullum krafti. Við höfum orðið þess áskynja að eftirspurn er eftir því að hundar sé heimilaðir í gistingu með eigendum þeirra á okkar hótélum, og að töluverður fjöldi gististaða eru að verða við þessum óskum nú þegar. Víða erlendis tíðkast það að hundar séu heimilir á hótélum, og teljum við vert að grípa tækifærið í þessum óvenjulegu aðstæðum og prófa tímabundið hvort forsenda sé fyrir því að veita þessa þjónustu. Icelandair Hótel verða eftir sem áður einnig með hótel í rekstri bæði á landsbyggð og í Reykjavík þar sem ekki eru áform um að heimila hunda, og munu því geta orðið við óskum þeirra sem kjósa frekar slík hótel.

Í ljósi aðstæðna er óskað eftir flýtimeðferð málsins, svo hægt sé að bregðast við fyrir komandi sumarvertíð.

Virðingafyllt,



Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Skuggasundi 1
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 9. júní 2021
Tilvísun: 2021060125

Efni: Svar við umsagnabeiðni Umhverfis-og auðlindaráðuneytis dags 31. maí 2021 um umsókn Icelandair hótela um undanþágu á starfsleyfisskilyrðum fyrir gististaði, hótél

Í umsagnarbeiðninni kemur fram það mat ráðuneytisins að verið sé að sækja um undanþágu frá starfsleyfisskilyrðum og ákvæðum reglugerðar nr. 941/2002 um hollustuhætti. Ráðuneytið metur það svo að sótt sé um undanþágu frá ákvæði 19. gr. reglugerðar nr. 941/2002 um hollustuhætti og undanþágu frá starfsleyfi hvað varðar það ákvæði að óheimilt sé að fara með hunda inn á gististaði í flokki II, III og IV. Icelandair hótelin í Reykjavík hafa starfsleyfi frá heilbrigðiseftirlitinu í Reykjavík sem gististaður (hótél) með veitingum.

Með umsagnarbeiðninni fylgdi með erindi Icelandair hótela. Auk þess sendi Icelandair hótél umbeðin gögn á heilbrigðiseftirlitið í Reykjavík varðandi fyrirkomulag hundahalds á hótélunum.

Óskað er eftir umsögn Heilbrigðisnefndar Reykjavíkur um að hundar verði heimilaðir á:

1. Hilton Reykjavík Nordica, Suðurlandsbraut 2, 108 Reykjavík
2. Icelandair Hótél Reykjavík Natura, Nauthólsvegi 52, 102 Reykjavík
3. Alda Reykjavík Hótél, Laugavegi 66-68, 101 Reykjavík

Erindi fyrirtækisins varðar beiðni um að gestir, sem að þess kjósa, fái að hafa með sér hunda á hótelin. Þar kemur einnig fram hvaða skilyrði hótelin munu setja vegna þessa og hvernig fyrirkomulag hundahalds verður háttað á ofangreindum hótélum.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur gerir ekki athugasemdir við erindið en bendir á eftirfarandi atriði sem það leggur til að Icelandair þurfi að uppfylla verði undanþága veitt:

- Mikilvægt er að Icelandair fylgi eftir skilyrðum sem tilgreind eru í erindinu og þeim gögnum sem bárust heilbrigðiseftirlitinu í Reykjavík varðandi fyrirkomulag hundahalds á hótélunum.
- Þrifaáætlun gistiskálans þarf að taka mið af því að hundar séu leyfðir á hótélunum og tryggt að framkvæmd þrifa séu í samræmi við hana, þá sérstaklega ef nota þarf lyftu eða stigagang á efri hæðir.
- Í markaðssetningu Icelandair hótela, sem og á heimasíðum þeirra, komi fram að hundar séu leyfðir í takmörkuðum hluta hótélana svo gestir geti tekið upplýsta ákvörðun áður en þeir panta gistingu.
- Aðrir gestir séu upplýstir um að það hundar séu leyfðir á hótélunum á sýnilegan hátt

við innganga hvers hótels.

- Icelandair hótelin eru ábyrg gagnvart öðrum gestum valdi hundur skaða á þeim eða eigum þeirra.
- Tryggja þarf að ekki sé verið að fara með hunda um hótelin nema stystu leið í herbergin og þeir sé hafðir þar og að ekki sé verið að fara með þá annað um hótelið.
- Setja þarf upp sýnilegar umgengnisreglur fyrir viðskiptavinum með hunda á hótelinu.

Þá bendir Heilbrigðiseftirlitið á að samkvæmt samþykkt um hundahald í Reykjavík. nr. 478/2012 er kveðið á um að ábyrgðarmaður hunds skuli hafi náð 18 ára aldri. Hann ber ábyrgð á hreinlæti í tengslum við hundinn og ber að hreinsa upp eftir hann sé þörf á því og að grípa til aðgerða sé þess þörf til að tryggja öryggi annara gesta eða hunds. Hundur má aldrei vera laus.

Virðingarfyllst
f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Aron Jóhannsson

Aron Jóhannsson
Heilbrigðisfulltrúi

